

Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um viðurkenningu á heilbrigðismenntun sem aflað hefur verið í öðru landi.

Frá Helgu Völu Helgadóttur.

1. Hversu langan tíma tekur mat á því hvort einstaklingur uppfylli skilyrði til að starfa í starfsgreinum í heilbrigðiskerfinu hér á landi, sem til þarf leyfi, löggildingu eða aðra jafngilda viðurkenningu, á grundvelli faglegrar menntunar og hæfis sem hann hefur aflað sér í öðru landi, sbr. 2. gr. laga nr. 26/2010?
2. Hyggst ráðherra beita sér fyrir því að slík viðurkenning taki skemmri tíma en nú til þess að draga úr mönnunarvanda í heilbrigðiskerfinu?

Skriflegt svar óskast.

Greinargerð.

Mat á námi í heilbrigðisgreinum heyrir undir embætti landlæknis á grundvelli laga nr. 26/2010, um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi, sbr. svar mennta- og barnamálaráðherra á þskj. 880 á yfirstandandi þingi og er fyrirspurninni því nú vísað til heilbrigðisráðherra.